

1870.
2. júní.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1870—71.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á. sendum vèr yður, herra (tit.), eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir fjár-

Ísafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslum, þar að lútandi reglur og allt það, sem með þarf til að framkvæma það, sem boðið er í fyrnefndri tilskipun, og í tilskipun 25. júní f. á. um skipa mælingar.

Í instrúxinu um skrásetning skipa á Íslandi er það skipað skrásetningar-embættismönnum þar, að senda stiptamtanni til frekari afgreiðslu skýrslur um smáskip og báta í umboði hvers um sig, sem hvorki eru ritaðir í skrásetningarbækur né á skrá þá, sem þartil heyrir, yfir skip, sem eru 30 registertons og þaðan af minni, og heldur ekki á þá skrá, sem stiptamtanni með bréfi, dagsettu í dag, er skipað að setja saman.

Útaf þessu skorum vèr, samkvæmt tillögum aðalskattstjórnarinnar, á yður, herra amtmaður, að þér skipið þeim sýslumönnum í yðar umdæmi, sem ekki eru skrásetningar-embættismenn, að senda þessum embættismönnum við árslok, fyrsta skipti um lok ársins 1870, þær skýrslur um smáskip og báta í þeirra lögsagnarumdæmum, sem við þarf, en aptur á móti þarf ekki framar að senda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857.

Til leiðbeiningar handa sýslumönnum um það, hvers innihalds skýrslur þessar eigi að vera, sendum vèr yður til útbýtingar meðal þeirra nokkur exemplör af instrúxinu, sem getið hefir verið um, og eru í kaflanum A., nr. 8. b., þær reglur, sem verður að fara eptir í þessu.

Af instrúxinu A. nr. 2 sést það, hverjar sýslur eru í hverju skrásetningarumdæmi, en þess skal samt getið, að ein prentvilla er á 6tu bls. 4ðu l. instrúxins, er stendur „skrifstofa Norðurmúlasýslu”, en á að vera: „skrifstofa Suðurmúlasýslu”.

Að endingu mælumst vèr til þess, samkvæmt beiðni skattstjórnarinnar, að þér, herra amtmaður, skiptið milli þeirra tveggja skrásetningar-embættismanna, sem eru í yðar umdæmi, þeim exemplörum af hinum áðurgreindu tilskipunum 25. júní f. á., sem eru í vörzlum yðar, og jafnframt látið senda hingað þau mælingarverkfæri, sem þeim voru fengin í hendur samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. marz 1856.

hagsárið 1870—71, sem eru staðfest 28. f. m. Að öðru leyti, og sérstaklega að því er snertir útborgun launaviðbóta, skal vísað til tæðs bréfs, og því við bætt, að þér megið með næsta pósti búast við að fá vitneskju um, hvornig þetta mál fer.

1870.

2. júní.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

3. júní.

Einsog drepið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 25. ágúst f. á.¹ hlutaðist stjórnarráðið til þess, að stungið var uppá því í frumvarpinu til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, að 500 rd. mætti verja til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, og er þetta fê nú veitt með fjárhagslögum fyrir þetta fjárhagsár, sem konungur hefir samþykkt 28. f. m.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, og þess er getið, að stjórnarráðið í dag hefir boðið landfógetanum að láta þetta fê af hendi við yður, þá er þér heimið það, mælumst vèr til þess, að þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar² í bréfi, dagsettu 15. júlím. f. á., og búumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skrásetning skipa.

3. júní.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 1. þ. m. sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, til hliðsjónar, er þér búið til aðalskipaskrána til bráðabirgða, svo sem þar var um getið, eptirrit af

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 815.

2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 816.